

Reykjavík, 9. júlí 2023

## Umsögn um aðgerðaáætlun um málefni íslenskrar tungu 2023-2026

Íðorðafélagið fagnar drögum að aðgerðaáætlun um málefni íslenskrar tungu og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við 1. og 6. gr.

1. gr. „Áhersla verði lögð á starfstengdan orðaforða á einstaklingsmiðaðan og sveigjanlegan hátt.“

### Umsögn:

Íðorðafélagið tekur undir mikilvægi þess að lögð verði áhersla á starfstengdan orðaforða (íðorð, fagorð) og minnir á Íðorðabankann ([idord.arnastofnun.is](http://idord.arnastofnun.is)) þar sem birt eru fjölmörg íðorðasöfn (fagorðasöfn) í opnum aðgangi fyrir fagfólk og almenning. Þekking á íslenskum starfstengdum orðaforða er mikilvæg fyrir innflytjendur til að aðlagast íslensku samfélagi og taka þátt störfum sem þar eru í boði.

Íslensku verður að vera hægt að nota á öllum sviðum samfélagsins, þar á meðal í starfstengdu umhverfi. Til þess að svo megi verða þarf að efla markvisst íðorðastarf og tryggja því starfi fjárhagslegan stuðning. Ekki er hægt að ætlast til að svo mikilvægt og tímafrekt starf verði nær eingöngu unnið í sjálfboðavinnu eins og nú.

6. gr. „Aðgengi að almennu háskólanámi fyrir innflytjendur verði bætt með þróun nýrrar námsleiðar fyrir nemendur sem hafa grunn í íslensku máli en þurfa stuðning til þess að sækja frekara háskólanám á íslensku. Markmiðið sé að auðvelda innflytjendum að aðlagast samfélagslegri og akademískri menningu og auka menntun og atvinnutækifæri þeirra að námi loknu.“

### Umsögn:

Íðorðafélagið ítrekar mikilvægi íslensks fræðiorðaforða fyrir háskólanám. Eins og fram kemur í athugasemd við 1. gr. þá er mjög mikilvægt að innflytjendur þekki og nýti Íðorðabankann sem hefur að geyma fjölmörg íðorðasöfn í ýmsum náms- og sérgreinum. Með aðgengilegum íðorðasöfnum er hægara að skrifa og tala um sérfræðileg efni á íslensku og það styrkir stöðu íslenskrar tungu.

Einnig er nauðsynlegt að efla Íðorðabankann, bæði að umfangi og aðgengi og með launuðum starfskröftum, svo að hann fylgi þeirri þróun sem orðið hefur. Ný hugtök bætast stöðugt við og mikilvægt er að geta rætt um fræðin á íslensku.

Fyrir hönd Íðorðafélagsins,  
Ágústa Þorbergsdóttir, formaður